



Borgarráð

## Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020

### 1. Hækkun félagsgjalda Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - SSH

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu borgarstjórnar verði hækkaðar um 4.609 þ.kr. vegna hækkunar á félagsgjöldum SSH. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-4.609
RHS	01080	Félagsgjöld SSH	Til	4.609
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

#### Greinargerð:

Á ársfundi SSH þann 15. nóvember 2019 voru félagsgjöld samtakanna hækkuð um 50% milli ára 2019 og 2020, eða um rúmar 4,6 m.kr. Ekki var gert ráð fyrir þessari hækkun við gerð fjárhagsáætlunar 2020.

### 2. Norrænu grunnskólaleikunum frestað

Lagt er til að fjárheimildir íþrótt- og tómstundasviðs verði lækkaðar um 5.500 þ.kr. vegna afboðunar á norrænu grunnskólaleikunum sem áttu að fara fram í Reykjavík 2020. Kostnaðarlækkunin verði flutt aftur á kostnaðarstað 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÍTR		Norrænu grunnskólaleikarnir	Frá	-5.500
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Til	5.500
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og niðurstaðan sú að ekki er talin þörf á jafnréttismati

**Greinargerð:**

Fjárhagsáætlun ÍTR 2020 gerði ráð fyrir kostnaði 5.500 þ.kr. vegna norrænu grunnskólaleikanna. Þeim hefur verið frestað í ár vegna þeirra aðstæðna sem nú ríkja í heiminum og verður þeirri fjárhæð því ráðstafað inn á ófyrirséð.

**3. Frestun á breytingum á gjaldskrá Veitna ohf**

Lagt er til að fjárheimildir íþróttá- og tómsundasviðs verði hækkaðar um 18.000 þ.kr. vegna frestunar á gjaldskrárbreytingum Veitna ohf. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-18.000
ITR		Frestun á gjaldskrárlækkun hjá Veitum	Til	18.000
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og niðurstaðan sú að ekki er talin þörf á jafnréttismati.

**Greinargerð:**

Fyrirhuguð gjaldskrárbreyting Veitna ohf vegna sölu á heitu og köldu vatni átti að taka gildi 1. janúar 2020. Hefði sú gjaldskrárbreyting haft í för með sér 18.000 þ.kr. árlega lækkun á útgjöldum ÍTR og var tekið tillit til þess við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020. Hafa Veitur ohf nú ákveðið að fresta breytingunum til 1. janúar 2021.

**4. Eingreiðsla til sjálfstætt starfandi tónlistarskóla**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 14.690 þ.kr. vegna eingreiðslu til félagsmanna Félags íslenskra hljómlistarmanna og Félags tónlistarkennara vegna innágreiðslu á væntanlegan kjarasamning samkvæmt samkomulagi um endurskoðaða viðræðuáætlun (4. grein). Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostn	Frá	-14.690
SFS	M3100	Sjálfstætt starfandi tónlistarskólar	Til	14.690
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

**Greinargerð:**

Samninganefndir undirrituðu s.l. haust samkomulag m.a. við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum um endurskoðun viðræðuáætlunar. Samkomulagið felur í sér að aðilar væru sammála um að greiða hverjum starfsmanni í fullu starfi eingreiðslu.

Er hér um sambærilegar greiðslur og starfsmenn hjá skólahljómsveitum borgarinnar hafa fengið. Eingreiðslan er hluti af væntum launabreytingum og verði metinn sem hluti af kostnaðaráhrifum væntanlegra nýrra kjarasamninga.

## 5. Nemendur í Arnarskóla

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 64.509 þ.kr. vegna skólagöngu fjögurra reykvískra nemenda í Arnarskóla sem er skóli fyrir börn með þroskafrávik. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-64.509
SFS		Arnarskóli	Til	64.509
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og niðurstaðan sú að ekki er talin þörf á jafnréttismati.

### **Greinargerð:**

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 26. mars 2020, mál R20030201, Arnarskóli – tillaga um samning um framlag vegna reykvískra barna.

*Dagur B. Eggertsson*